Ferðafréttir 15. mars 2017

Til	:	Helga Stefánsdóttir
Frá	:	frettir@ferdamalastofa.is
Heiti	:	Ferðafréttir 15. mars 2017
Málsnúmer	:	1604025
Málsaðili	:	Ferðamálastofa
Skráð dags	:	15.03.2017 12:29:45
Höfundur	:	frettir@ferdamalastofa.is

FERÐAFRÉTTIR

Fréttir frá Ferðamálastofu

Dags: 15. mars 2017

Efni þessa fréttabréfs:

- Úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamananstaða
- DMP á góðu skriði
- Heildarfjöldi ferðamanna 2016 og upphaf ársins 2017
- Fréttir af Vakanum
- Fjöldi á stöðum og dag hvern

Úthlutað úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ráðherra ferðamála hefur staðfest tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða um úthlutun vorið 2017. Alls eru veittir styrkir til 58 verkefna hringinn í kringum landið og nemur heildarfjárhæð styrkja 610 milljónum króna.

Vegagerðin þróar ölduspákerfi vegna Reynisfjöru og Kirkjufjöru
Að auki hefur ráðherra falið Ferðamálastofu að ganga til samninga við Vegagerðina um þróun á ölduspákerfi vegna Reynisfjöru og Kirkjufjöru. Tilgangurinn er að hægt verði að spá fyrir um hættulegar aðstæður, vara við þeim með viðvörunarflaggi og mögulega grípa til aukinnar gæslu. Fjármögnun verkefnisins er af fé sem sett var til hliðar af fjárveitingum Framkvæmdasjóðsins 2016 í þágu öryggismála og er gert ráð fyrir að kostnaðurinn verði um það bil 20 m.kr.

Hæstu styrkir
Hæsti styrkurinn í þessari úthlutun er að upphæð 60 m.kr. til verkefna í Landmannalaugum. Næsthæsti styrkurinn nemur 31,2 milljónum vegna verkefna í Rauðfeldargjá á Snæfellsnesi.

3,5 milljarðar frá upphafi
Þetta er sjötta árið sem Framkvæmdasjóður ferðamannastaða úthlutar styrkjum. Hlutverk sjóðsins er samkvæmt lögum að 1) stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í opinberri eigu eða umsjón um land allt, 2) leitast við að tryggja öryggi

ferðamanna og vernda náttúru landsins, og 3) fjölga viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsótta ferðamannastaði.

Með úthlutuninni í ár nemur heildarupphæð styrkveitinga úr sjóðnum 3,56 milljörðum króna.

Endurskoðun á hlutverki sjóðsins
Fyrir dyrum er endurskoðun á hlutverki sjóðsins sem tekur mið af því að komin er til sögunnar Landsáætlun á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um uppbyggingu innviða vegna álags af völdum ferðamennsku og útivistar. Drög að lagabreytingu um sjóðinn hafa verið birt á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og gera þau ráð fyrir að sjóðurinn sinni verkefnum á ferðamannastöðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila. Frestur til að gera athugasemdir við frumvarpsdrögin er til 23. mars.

Nánari upplýsingar

-Íslandskort með styrkveitingingum

-Listi og samantekt yfir verkefnin sem fengu styrki

-Nánari upplýsingar um úthlutanir úr sjóðnum á undanförnum árum

---

DMP á góðu skriði

Vinna við stefnumarkandi stjórnunaráætlanir - DMP er að fara af stað um allt land. Svæðisráð hvers landshluta hafa nú ákveðið hvernig áætlanagerð verði háttað og síðustu tvo daga hafa staðið yfir vinnustofur og námskeið með ráðgjafanum Ton Buncle frá Skotlandi, sem fenginn var að verkefninu. Frekari frétta af framgangi verkefnisins er að vænta í næstu viku en vonast til að áætlanagerðinni sjálfri ljúki haustið 2018.

Nánar um DMP

Ferðamönnum fjölgar áfram

Nú má nálgast tölum um heildarfjölda erlendra ferðamanna fyrir síðasta ár en þær sýna að hingað komu tæplega 1,8 milljón manns árið 2016 og er um að ræða 39% aukningu frá 2015 en þá voru erlendir ferðamenn tæplega 1,3 milljón talsins.

Nær allir um eina gátt

Langflestir, eða 98,6% af heildarfjölda ferðamanna, komu með flugi um Keflavíkurflugvöll, eins og farið var yfir með ítarlegri frétt í janúar. Sjá hér. Tæplega 20 þúsund komu með Norrænu um Seyðisfjörð eða 1,1% af heild og um 4.700 með flugi um Reykjavíkur-, Akureyrar-, og Egilsstaðaflugvelli eða tæp 0,3% af heild. Vert er að taka fram að tölur fyrir aðra staði en Keflavíkurflugvöll byggja ekki á talningum heldur mati út frá sölu- og farþegatölum.

Skemmtiferðaskip

Farþegar skemmtiferðaskipa eru ekki í þessum tölum en til Reykjavíkur komu í fyrra 98.676 farþegar eða 1,5% færri en árið 2015. Áætlað er að um 96% af farþegum með skemmtiferðaskipum hafi viðkomu í Reykjavík.

Nánari upplýsingar

Fjölgun fyrstu tvo mánuði ársins

Ferðamönnum hefur haldið áfram að fjölga það sem af er ári en frá áramótum hafa 284 þúsund erlendir ferðamenn farið úr landi um

Keflavíkurflugvöll sem er 59,5% aukning miðað við sama tímabil í fyrra.

Lesa meira

Fréttir af Vakanum

Ferðamálastofa, fyrir hönd Vakans, og Alþýðusamband Íslands hafa skrifað undir samstarfssamning með það að markmiði að þátttakendur í Vakanum starfi eftir gildandi kjarasamningum. Með þessu er leitast við að styrkja það hlutverk Vakans að byggja upp samfélagslega ábyrgð innan greinarinnar.

Lesa meira

Fjöldi á stöðum og dag hvern

Tvær spurningar sem gjarnan vakna snúa að því hversu margir ferðamenn heimsækja einstaka staði eða landssvæði og hversu margir erlendir ferðamenn eru staddir á landinu dag hvern. Ein aðferð sem hægt er að styðjast við til að svara þessu tvennu er að nota niðurstöður úr ferðavenjukönnunum Ferðamálastofu og bera saman við talningar á fjölda ferðamanna á Keflavíkurflugvelli.

Gróf áætlun

Kannanir Ferðamálastofu um ferðavenjur erlendra ferðamanna er skipt í sumar- og vetrargesti. Þar er spurt um heimsóknir til um 40 tiltekinna staða á landinu og er þannig hægt að sjá hversu stórt hlutfall svarenda segist hafa heimsótt þessa staði. Með því að bera niðurstöðurnar saman við fjölda ferðamanna á sama tímabili er hægt að fá áætlun um fjölda heimsókna til staðanna. Út frá niðurstöðum úr árlegri ferðavenjukönnun meðal Íslendinga er sama hætti er hægt að áætla gróflega heimsóknir Íslendinga.

Spurningunni um fjölda ferðamanna sem hér er staddur dag hvern er síðan hægt að áætla gróflega með því að bera saman tölur um fjölda ferðamanna sem fara um Keflavíkurflugvöll í hverjum mánuði og meðal dvalarlengd samkvæmt ferðavenjukönnunum Ferðamálastofu.

Lesa meira

Fréttabréfið er sent út á skráða aðila í gagnagrunni og póstlista Ferðamálastofu

Ábm. Ólöf Ýrr Atladóttir

Þér hefur borist þessi tölvupóstur vegna þess að netfang þitt hefur verið skráð á póstlistann Fréttir frá Ferðamálastofu.

Ef þú vilt afskrá þig, þarf að smella hér.
Ef enginn vafri ræsist þarf að afrita eftirfarandi slóð í vafra:
http://www.ferdamalastofa.is/is/moya/mailinglist/unsubscribe/2/aGVsZ2FzQGhhZm5hcmZqb3JkdXIuaXM=.